

Hrafn Magnússon:

Nordisk seminarium i Sverige 17. - 19. október 2003:

Lífeyriskerfið á Íslandi.

Ágætu fundarmenn.

Ég vil í upphafi erindi míns um íslenska lífeyriskerfið þakka fyrir það tækifæri að fá að lýsa fyrir ykkur í fáeinum orðum helstu megin dráttum íslenska lífeyriskerfisins. Mér er það fullljóst að í þessu erindi verða aðeins helstu megin þættir kerfisins dregnir upp og áherslan lögð á þá bótaflokka sem tengjast fyrst og fremst eldra fólki.

Allt frá upphafi hefur ein af grundvallarforsendum velferðarþjóðfélagsins verið sú, að hverju samfélagi beri skylda til að tryggja öldruðum “áhyggjulaust ævikvöld” eins og það er stundum kallað og að það sé ein af skyldum samfélagsins að sjá til þess að hinir eldri búi við fjárhagslegt öryggi þegar ævistarf þeirra á vinnumarkaði lýkur.

Þjóðir heims eru misjafnlega efnahagslega í stakk búnar til að takast á við þetta verkefni. Sum hin fátækari ríki eru enn á byrjunarreit í þessu efni en önnur hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi fyrir aldraða. Norðurlöndin hafa lengi verið í fararbroddi en standa þó að málum með ólíkum hætti. Mannkyninu fjölgar stöðugt og mun væntanlega halda áfram að fjölga fram yfir miðja þessa öld. Á sama tíma eru þjóðir heims stöðugt að eldast og fólk lifir lengur og lengur. Lífslíkur eru nú meiri en nokkru sinni fyrr. Sífelld færri vinnandi menn standa að baki hverjum eftirlaunaþega, sérstaklega þó í OECD-löndunum. Þörf á öflugum lífeyriskerfi er knýjandi um allan heim. Lífeyriskerfi landa hafa þó þróast með ýmsum hætti og sum ríki munu standa frammi fyrir mikilli eftirlaunakreppu, ef ekkert er að gert.

Áður en við snúum okkur að íslenska lífeyriskerfinu, þykir mér rétt að fjalla aðeins um nokkra lykilþætti í íslensku þjóðfélagi. Íslendingar eru aðeins tæplega 300 þúsund talsins en hins vegar er atvinnuþátttaka þeirra mikil eða um 84%. Mikilvægt er að hvergi í Evrópu er atvinnuþátttaka eldri borgara eins mikil og á Íslandi. Fjölgun þjóðarinnar er yfir meðaltölum í Evrópu og atvinnuleysi er aðeins 4,1%. Öldrunarbyrðin, þ.e. fólk 65 ára og eldri í hlutfalli við 15 til 64 ára er með minnsta móti, sem merkir að þjóðin er tiltölulega ung ennþá, sem er verulega mikill

kostur og gefur aukið svigrúm að bregðast við vaxandi eftirlaunabyrði þjóðarinnar.

Alþjóðabankinn hefur lagt til að lífeyriskerfi einstakra landa byggist á þremur meginstöðum.

Þær eru eftirfarandi: *Opinbert almannatryggingakerfi, lífeyrissjóðir og frjáls einstaklingsbundinn sparnaður.*

Lítum aðeins á fyrstu stöðina, *almannatryggingar*. Þar leggur Alþjóðabankinn áherslu á opinbert kerfi með skylduaðild, sem greiði flatan grunnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri og sem sé fjármagnaður með sköttum. Meginmarkmið með kerfinu skal vera tekjujöfnun og samtrygging. Önnur stöðin er *skyldukerfi undir opinberu eftirliti*, sem rekið sé utan opinbera geirans og byggt á fullri sjóðsöfnun í einstaklingsbundnu eða atvinnutengdu sparnaðarkerfi. Markmiðið sé sparnaður til að standa undir ellilífeyri og samtryggingu. Þriðja stöðin er svo *frjáls einstaklingsbundin eða vinnutengdur sparnaður*. Meginmarkmið hans er sparnaður til elliáranna.

Rök Alþjóðabankans fyrir þessum tillögum eru byggð á því að ellilífeyriskerfi eigi að vera bæði örvandi fyrir hagvöxt og vera félagslegt öryggisnet. Þau eiga að hjálpa þeim öldruðu með því að auðvelda fólki að færa tekjur sínar til efri áranna í gegnum sparnað eða annað fyrirkomulag og veita tryggingar gegn margskonar áhættu sem einkum hinir eldri standa frammi fyrir.

Íslenska lífeyriskerfið mun í framtíðinni byggjast upp í samræmi við það þriggja stöða kerfi Alþjóðbankans sem ég hef nú greint frá. Ég mun í erindi mínu fara yfir þessar þrjár megin stöðir íslenska lífeyriskerfisins. Auðvitað verður aðeins tæpt á því helsta, því efnið er í heild umfangsmikið og kemur inn á flesta þætti þjóðfélagsumgerðarinnar.

Byrjum á fyrstu stöðinni: *Almannatryggingar*.

Lágmarkslífeyrir er ákveðinn í lögum um almannatryggingar. Greiðslur almannatrygginga eru fjármagnaðar af ríkinu. Einstaklingurinn greiðir ekki sérstakt gjald til almannatrygginga, heldur greiðir atvinnurekandinn ákveðið gjald af öllum útborguð um launum, sem rennur í ríkissjóð og er m.a. notað til að fjármagna almannatryggingakerfið. Allir þeir sem hafa haft búsetu á Íslandi í ákveðinn tíma fá aðgang að íslenska almannatryggingakerfinu, án tillits til ríkisborgararéttar.

Menn verða þó að uppfylla ákveðin skilyrði til að öðlast réttindi til bóta, t.d. með hliðsjón af aldri, örorkustigi og í hvað langan tíma

viðkomandi hefur haft fasta búsetu á Íslandi. Tekjur og fjölskylduaðstæður geta líka haft þýðingu.

Tryggingastofnun ríkisins ber stjórnunarlega ábyrgð á almannatryggingum, m.a. með greiðslu fæðingarorlofs og barnabóta. Sá hluti almannatrygginga, sem Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á, er skipt í þrjá megin þætti: lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar.

Vinnumálastofnunin ber ábyrgð á atvinnuleysistryggingum. Skattfyrirvöld bera ábyrgð á barnabótum.

Ellilífeyrir er greiddur frá 67 ára aldri, án tillits til hjúskaparstöðu. Konur og karlmenn eiga sama rétt. Til að öðlast rétt til ellilífeyris hjá almannatryggingum, þarf viðkomandi bótaþegi að hafa verið búsettur á Íslandi í a.m.k. þrjú ár á aldrinum 16 til 67 ára. Með fastri búsetu í 40 ár á aldrinum 16 til 67 ára fær bótaþeginn fullan ellilífeyri, en ef búsetan er skemmri en 40 ár, þá lækkar lífeyririnn hlutfallslega. Sérstakar reglur gilda um sjómenn, sem geta átt rétt á ellilífeyri frá 60 ára aldri, enda hafi þeir verið til sjós 25 ár eða lengur.

Fjárhæð lífeyrisins fer því eftir búsetulengd. Allir ellilífeyrisþegar eiga rétt á grunnlífeyri, en ýmsir þættir, svo sem hjúskaparstaða og tekjur hafa endalega áhrif á fjárhæðina.

Grunnlífeyrir almannatrygginga er afar lág fjárhæð, jafngildir aðeins um 10% af meðaltekjum ófaglærðs verkafólks á Íslandi, en var um 17% í upphafi áttunda áratugarins. Það hefur því verið mikil skerðing á grunnlífeyri á þessu árabili.

Að öðru leyti má skipta ellilífeyrinum í eftirfarandi bótaflokkka: grunnlífeyrir, tekjutryggingu, heimilisuppbót fyrir þá eftirlaunaþega sem búa einir og tekjutryggingarauka fyrir þá sem engar aðrar bætur eða tekjur hafa nema frá almannatryggingum. Allar þessir bótaflokkar eru tekjutengdir.

Greiðslur til ellilífeyrisþega sem fær þann hæsta lífeyri frá almannatryggingum sem lög gera ráð fyrir nema nú um 45% af meðallaunum verkafólks.

Vert er að geta þess að miklar deildur hafa verið á Íslandi um tekjutengingu bóta almannatrygginga, sérstaklega hvað varðar ellilífeyri. Einkum hafa samtök eldri borgara mótmælt því að auknar greiðslur frá lífeyrissjóðum hafi í för með sér skerðingu á ellilífeyri almannatrygginga.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða að vísu ekki grunnlífeyririnn, en ef lífeyrisjóðagreiðslur nema hærri fjárhæð en 126 þúsund á mánuði, þá fær bótaþeginn aðeins greiddan grunnlífeyririnn.

Þetta skýrist einna best ef við skoðum einstakling, sem í fyrsta lagi er ekki með neinar bætur nema frá almannatryggingum, í öðru lagi með 40.000 kr. á mánuði frá lífeyrissjóði og í þriðja lagi er með 80.000 kr. á mánuði frá lífeyrissjóði. Ef einstaklingurinn er eingöngu er með bætur frá almannatryggingum, þá fær hann um 85 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Ef hann fær til viðbótar 40.000 kr. á mánuði frá lífeyrissjóði fær hann hins vegar samtals 98 þúsund krónur á mánuði, þ.e. heildarbætur hans hækka aðeins um 13 þúsund krónur á mánuði. Ef greiðslur frá lífeyrissjóðnum eru 80 þúsund á mánuði þá fær hann samtals 107 þúsund á mánuði, þ.e. hækkun um 23 þúsund krónur. Bótagreiðslur almannatrygginga fara sem sagt lækkandi eftir því sem viðkomandi einstaklingur fær hærri greiðslur úr lífeyrissjóðnum. Það ásamt hærri sköttum hefur það í för með sér að t.d. 80 þúsund á mánuði frá lífeyrissjóði skilar aðeins 23 þúsund krónur í budduna.

Vert er þó að geta þess að almannatryggingar á Íslandi greiða aðeins lágmarksbætur og skoða verður bætur til eldri borgara með hliðsjón af greiðslum frá lífeyrissjóðunum.

Fyrir áratug voru ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga tvöfalt meiri en greiðslur frá lífeyrissjóðunum. Með stóru auknum greiðslum frá lífeyrissjóðunum en nú svo komið að ellilífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna eru nú orðnar hærri í heildina, en ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Ellilífeyrir almannatrygginga er ekki tengdur beint við vísitölur verðlags eða launa. Hann hækkar því ekki sjálfkrafa ef neysluverð hækkar eða ef það verða almennar launahækkningar, heldur þarf sérstaklega samþykkt ríkisstjórnarinnar og Alþingis til að hækka bætur almannatrygginga.

Snúum okkur næsta að öðru þrepi lífeyriskerfisins, *þ.e. lífeyrissjóðunum*.

Íslenska verkalýðshreyfingin hefur löngum þurft að berjast af miklum krafti fyrir réttindum og kjörum af ýmsu tagi. Tvímælalaust má telja að stofnun lífeyrissjóðanna fyrir almennt verkafólk með kjarasamningum sem gerir voru 1969 sé í hópi merkustu áfanga í langri baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir réttindum félagsmanna sinna. Fyrir 1970 voru starfandi í landinu lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankamanna og nokkurra stéttarféлага og fyrirtækja, en ekki var um að ræða almenna þátttöku verkafólks að lífeyrissjóðum. Á þessu var síðan mikil breyting, eins og áður segir, þegar almennu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa í ársbyrjun 1970. Með lagasetningu frá Alþingi 1974 var síðan öllum launþegum gert skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða og með lögum frá 1980 náði greiðsluskyldan einnig til atvinnurekenda.

Fyrstu árin voru iðgjöld tekin af dagvinnulaunum en síðar var samið í kjarasamningum um að taka iðgjald af öllum launum í áföngum á árunum 1987 til 1990. Um sama leyti eða 1991 voru sett lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóðanna.

Það var síðan á árinu 1997 sem viðtæk sátt náðist um fyrirkomulag lífeyrismála á Íslandi. Tvímælalaust má telja að þá hafi þrjú þýðingar-mikil skref verið tekin.

Í *fyrsta lagi* náðist mjög viðtæk sátt hagsmunaaðila um sérstaka rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Helstu ákvæði laganna fjalla um skylduaðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum, um lágmarksiðgjald, aðildarskyldu að sjóðunum og um lágmarkstryggingar-vernd, auk þess sem löggin fjalla um fjárfestingar-heimildir lífeyrissjóðanna og um almenn skilyrði til lífeyrissjóðarekstrar.

Í *öðru lagi* var ákveðið að koma á fót sérstökum viðbótarlífeyris-sparnaði, sbr. þriðja stoð lífeyriskerfisins samkvæmt tillögum Alþjóða-bankans, sem ég hef þegar greint frá. Mun ég í lok erindi míns víka nokkrum orðum að viðbótarlífeyrissparnaðinum.

Í *þriðja lagi* náðist samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna að taka upp nýtt réttindaávinnslukerfi, sem byggðist á fullri sjóðsöfnun og sem í megin atriðum var svipað og réttindakerfi á almennum vinnumarkaði. Þá var ákveðið að hið nýja réttindakerfi opinberra starfsmanna skyldi byggjast á fullri sjóðsöfnun, en hið eldra kerfi byggist hins vegar að hluta á sjóðsmyndandi kerfi og að hluta á árlegum fjárframlögum frá ríkinu.

Rétt er þó að fram komi að hið nýja réttindakerfi opinberra starfsmanna veitir mun betri réttindi en sambærilegt kerfi á almennum vinnumarkaði. Verkalýðsfélög innan ASÍ hafa því knúið á að hið almenna lífeyriskerfi veiti sömu réttindi og lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna.

Oft er sagt til einföldunar að íslenska lífeyrissjóðakerfið byggi á “*essunum þremur*”, þ.e. *skylduaðild* allra starfandi manna að lífeyris-sjóðum, á *sjóðssöfnun* en ekki gegnumstreymi, þ.e. samtímasköttum, og á *samtryggingu* sjóðfélaga vegna ævilangs ellilífeyris, tryggingu vegna örorku sjóðfélaga og greiðslu makalífeyris til að milda fjárhagslegt áfall fjölskyldunnar þegar sjóðfélagi fellur frá.

Í sem stystu máli má því segja að hlutverk lífeyrissjóðanna sé að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri til æviloka og veita þeim tryggingu sem ver þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi af völdum orkutaps og andláts.

Um er að ræða tekjuháðan lífeyri, þ.e. lífeyririnn fer eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma og öll iðgjöld sem berast lífeyrissjóðnum nýtast því til greiðslu lífeyris, þannig er ekki um að ræða sérstök biðtímaákvæði til þess að lífeyrisréttur geti stofnast til greiðslu lífeyris. Þá er vert að geta þess að lífeyrir flestra lífeyrissjóða er verðtryggður og breytist mánaðarlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hjá sumum sjóðum, einkum í eldra réttindakerfi opinberra starfsmanna, breytist lífeyririnn hins vegar í samræmi við þær launabreytingar, sem fylgja viðkomandi starfi.

Samkvæmt rammalöggjöfnni um lífeyrissjóði frá árinu 1997 var áréttað að öllum launamönnum og atvinnurekendum bæri skylda til að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Þetta ákvæði um aðild að lífeyrissjóðum er í reynd í samræmi við sambærilegt ákvæði úr lögum frá 1980. Þá er í löggjöfnni kveðið á um að lágmarksiðgjald skuli vera 10% af öllum launum. Almenna reglan er sú að launþegi greiðir 4% iðgjald en atvinnurekandinn það sem á vantar eða 6%. Hjá opinberum starfsmönnum er heildariðgjaldið þó 15,5% og þar af mótframlag ríkisins 11,5%.

Lágmarkstryggingarvernd samkvæmt lögnum miðast við 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið til miðað við 40 ára inngreiðslutíma. Þetta merkir í reynd að réttindaávinnslan er að lágmarki 1,4% af launum sjóðfélagans á ári. Þetta lágmark í lögnum á einnig við um örorkulífeyri en hvað snertir makalífeyririnn þá er hann almennt 50% af elli- eða örorkulífeyri. Rétt er að fram komi að hér er um lágmarkstryggingarvernd að ræða og almennt er réttindaávinnslan meiri á almennum vinnumarkaði eða 1,5% til 1,6% á ári og hjá opinberum starfsmönnum enn betri eða 1,9% á ári.

Flestir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði miða ellilífeyristökuna við 67 ár aldur sjóðfélagans. Ekki er skilyrði að sjóðfélaginn hafi hætt launuðum störfum. Hjá sjóðunum eru að finna ákvæði um að hægt sé að taka ellilífeyrir fyrir eða frá 65 ára aldri eða seinka tökunni allt til 70 ára aldurs. Reglur um flýtingu eða frestun ellilífeyris eru þannig reiknaðar að sjóðfélaginn á hvorki að geta hagnast eða tapað hvort sem hann velur að taka lífeyrir fyrir eða seinna. Þrátt fyrir þessar reglur er algengast að menn taki ellilífeyri frá lífeyrissjóðunum við 67 ára aldur eða um leið og sótt er um ellilífeyri hjá almannatryggingum.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði njóta ekki bakábyrgðar launagreiðenda. Þess vegna skiptir megin máli hver raunávöxtun almennu sjóðanna verður til lengri tíma litið. Í raun og veru ráðast lífeyrisréttindin fyrst og fremst af því hvernig til hefur tekist með raunávöxtunina. Lífeyrisréttindin miðast við það að raunávöxtunin sé að meðaltali 3,5% á

ári til framtíðar lítið. Á árunum 1990 til og með 1999 var raunávöxtun lífeyrissjóðanna mjög góð eða milli 6% til 7% á hverju ári, en einna best þó árið 1999 þegar ávöxtunin var 12%. Síðan tóku við þrjú slök ár þar sem raunávöxtunin var neikvæð öll árin, einna mest í fyrra þegar um 3% neikvæða raunávöxtun var að ræða. Í ár eru hins vegar líkur á því að raunávöxtunin verði mjög góð eða á milli 7% til 8%. Byggist það einkum á því að innlend hlutabréf hafa hækkað verulega. Þrátt fyrir góða ávöxtun í ár verður fimm ára meðaltal ávöxtunar sjóðanna undir 3,5%. Auknar lífslíkur þjóðarinnar munu einnig koma í veg fyrir að lífeyrisréttindin verði bætt að einhverju ráði næstu árin.

Í reynd eru lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði svokallaðir fastiðgjaldasjóðir (DC schemes), þar sem réttindi sjóðfélagans ráðast af þeirri ávöxtun sem fæst hverju sinni. Þegar til kastanna kemur er enginn annar sem ber ábyrgð á lífeyrisréttindunum en sjóðfélaginn sjálfur. Þrátt fyrir þessa skipan mála á almennum vinnumarkaði bera þó sjóðfélagarnir sjálfir mikla sameiginlega ábyrgð með samtryggingu sín á milli vegna örorku, andláts eða vegna ævilangs ellilífeyris.

Lífeyrissjóðir með ábyrgð launagreiðenda, einkum lífeyrissjóðir ríkis og sveitarfélaga, lofa hins vegar ákveðnum gefnum réttindum á grundvelli ákveðins iðgjalds og án tillits til ávöxtunar. (DB schemes). Þessi sjóðir miða oftast við 2% ávöxtun til lengri tíma lítið, enda miðast lífeyrisréttindin almennt við launin og að hækkun launa verði almennt meiri en hækkun verðlags næstu ára. Svo virðist sem fastréttindakerfi séu víða á undanhaldi og má t.a.m. minna á gífurlegar lífeyrisskuldbindingar breskra fyrirtækja sem byggja á fastréttindakerfinu og eru satt best að segja að sliga mörg fyrirtæki, sem hafa gripið til þess ráðs að loka slíkum kerfum fyrir nýjum sjóðfélögum.

Í rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna frá árinu 1997 má einnig minna á merk nýmæli, sem fjalla um gagnkvæma skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna eða sambúðarfólks. Heimilt er að framselja allt að helming ellilífeyrisréttindanna til makans, samkvæmt ákveðnum reglum, enda sé skiptingin gagnkvæm, þ.e. báðir aðilar verða þá að skipta ellilífeyrisréttindum sínum.

Skiptingin er þrjúþætt. Í *fyrsta lagi* er heimilt að skipta þeim ellilífeyrisgreiðslum sem nú eiga sér stað. Í *öðru lagi* er hægt að skipta áunnum réttindum í síðasta lagi sjö árum áður en taka lífeyrisins getur fyrst hafist og í *þriðja lagi* er hægt að skipta þeim ellilífeyrisréttindum sem kunna að ávinnast í framtíðinni.

Þrátt fyrir þessu merku nýmæli þá er frekar lítið um að hjón eða sambúðaraðilar óski eftir að skipta ellilífeyrisréttindunum. Helst kemur

það fyrir að óskað sé eftir skiptingu ellilífeyrisréttinda, þegar skilnaður verður milli hjóna eða sambúðarfólks.

Þriðju stoð íslenska lífeyriskerfisins byggist á svokölluðum *frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði*, sem var tekinn upp í ársbyrjun 1999. Bæði lífeyrissjóðir, bankar, sparisjóðir verðbréfafyrirtæki og líftryggingafélög geta samkvæmt lögum boðið upp á viðbótarlífeyrissparnað. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn auðveldar mönnum snemmtöku lífeyris og að minnka við sig vinnu og vinna hlutastarf, þar sem heimilt er að hefja töku viðbótarlífeyrissparnaðarins við 60 ára aldurinn.

Sparnaðurinn er þá greiddur út á sjö árum eða á lengri tíma eftir vali sjóðfélagans. Ef einstaklingurinn vill hins vegar fresta að taka út viðbótarlífeyrissparnaðinn við 60 ára aldur þá stýttist endurgreiðslutíminn. Þannig gæti viðkomandi einstaklingur tekið út allan sparnaðinn við 67 ára aldursmarkið, ef hann kýs svo. Þá ber að geta þess að lífeyrissparnaðurinn erfist til maka og barna, ef einstaklingurinn fellur frá. Ef hann verður fyrir orkutapi á hann rétt á að fá lífeyrissparnaðinn greiddan út á sjö árum.

Viðbótarlífeyrissparnaðurinn er kærkomið krydd á flóru íslenska lífeyriskerfisins og gefur mönnum aukið fjárhagslegt svigrúm á aldrinum 60 ára til 70 ára. Þá er lífeyrissparnaðurinn þægilegt sparnaðarform, þar sem launagreiðandinn sér um að greiða sparnaðinn til viðkomandi vörsluaðila. En ekki síst er kerfið hvetjandi að því leyti, að þeir sem vilja leggja til hliðar í viðbótarlífeyrissparnaðinn fá ríkulegt framlag frá launagreiðanda og ríki til viðbótar við sitt eigið framlag. Þá er ekki greiddur neinn fjármagnstekjuskattur af eigninni, en hann er 10% á Íslandi. Einnig er enginn eignaskattur greiddur. Framlag viðkomandi einstaklings er frádráttarbært frá skatti, en útborgunin er hins vegar skattskyld. Í reynd er um að ræða frestun skattlagningarinnar og í sumum tilvikum, einkum hjá þeim sem eru tekjuhærri og greiða hátekjuskatt, eru líkur á því að þeir muni greiða lægri skatt þegar kemur til útborgunar lífeyrissparnaðarins.

Þá hefur verkalýðshreyfingin samið um það í kjarasamningum að þeir sem ekki vilja leggja neitt af launum sínum í lífeyrissparnað fái samt sem áður 1% frá vinnuveitandanum. Þeir sem spara 2% til 4% fá alltaf 2% til viðbótar frá vinnuveitandanum. Þessi regla gildir nánast alls staðar nema hjá sveitarfélögunum. Til að hvetja til lífeyrissparnaðarins hefur ríkið líka lagt fram ákveðið mótframlag. Nú er hins vegar líkur á því að þetta mótframlag ríkisins, sem er 10% af framlagi einstaklingsins, falli niður um næstu áramót. Rök ríkisins eru þau að framlag ríkisins hafi verið hugsuð sem tímabundin aðgerð til að hvetja almenning til

viðbótarlífeyrissparnaðar. Nú sé bæði þátttaka almennings mikil og einnig hafi verið samið um það í kjarasamningum að atvinnurekendur leggi fram mótframlag, sem gæti verið allt að 2%.

Í heildina getur framlagið til viðbótarlífeyrissparnaðar numið alls 6,4% af heildarlaunum. Framlag einstaklingsins er þá 4%, framlag vinnuveitandans 2% og framlag ríkisins 0,4%. Þetta gæti breyst um næstu áramót, ef ríkið hættir að greiða sitt framlag, þannig að heildarframlagið yrði þá 6% í stað 6,4%.

Aukaframlög atvinnurekenda og ríkis eru mikil ef viðkomandi einstaklingur greiðir t.d. 4% framlag af 200.000 kr. mánaðarlaunum. 4% framlag hans er þá 8.000 kr., 2% framlag launagreiðandans 4.000 kr. og 0,4% framlag ríkisins 800 kr. Samtals er því lagt í viðbótarlífeyrissparnaðinn 12.800 kr.

Ágætu fundarmenn.

Megin drættir íslenska lífeyriskerfisins liggja í tveimur þáttum. Í *fyrsta lagi* byggir íslenska kerfið á þriggja stöða lífeyriskerfi í samræmi við tillögur Alþjóðabankans um skilvirkt lífeyriskerfi og í *öðru lagi* eru vandamálin á Íslandi nokkuð öðru vísi en víða annars staðar. Þjóðin er tiltöluleg ung og fæðingatíðni er með því hæsta í Evrópu. Þessar staðreyndir eru hagstæðar þegar tekið er tillit til vaxandi eftirlaunabyrði í OECD-löndunum. Þá er eftirlaunaaldurinn hærri en víðast hvar annars staðar og atvinnuþátttaka eldra fólks er sú mesta sem þekktist í Evrópu. Íslendingar búa við sterkt lífeyriskerfi, sem sett var á stofn fyrir rúmum 30 árum og sem nær til allra starfandi manna á Íslandi. Þá er viðbótarlífeyrissparnaðurinn vaxandi og nær til meirihluta launþega. Þegar fram líða stundir munu lífeyrissjóðirnir og viðbótarlífeyrissparnaðurinn því greiða viðunandi ellilífeyri. Almannatryggingar munu þá grípa inn í gagnvart tekjulágum einstaklingum og þeim sem ekki hafa átt þess kost að stunda launaða atvinnu. Þá er ljóst að reglur almannatrygginga og lífeyrissjóðanna hvetja ekki sérstaklega til snemmtöku lífeyris, eins og í öðrum löndum. Þetta kemur m.a. fram í mikilli atvinnuþátttöku eldra fólks, sem léttir verulega eftirlaunabyrðina.

Ég vil að lokum segja ykkur frá Landssamtökum lífeyrissjóða, skammstafað LL. Samtökin voru stofnuð fyrir 5 árum, með samruna tveggja eldri lífeyrissjóðasamtaka. Hlutverk LL er hefðbundin hagsmunagæsla gagnvart sjóðfélögum og aðildarsjóðunum. 46 lífeyrissjóðir eru aðilar að LL, sem eru með rúmlega 99% af heildareignum lífeyrissjóða landsins. Í árslok 2002 námu heildareignir sjóða innan LL um 676 milljarða íslenskra króna eða um 2.4 milljónir króna á hvert mannsbarn á Íslandi.

Vefslóð heimasíðu LL er auðvelt að muna, þ.e. www.ll.is og netfangið er ll@ll.is.

Bestu þakkir fyrir áheyrnina.